

Mál nr. 30/2007

M
og
V v ferðatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr ferðatryggingu vegna innlagnar á sjúkrahús þ. 20.9.2006.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 1.2.2007 ásamt fylgiskjöllum 1-11.
2. Bréf V dags. 2.3.2007 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M veiktist þegar hann var staddur í Thailandi og var lagður inn á sjúkrahús. Krafist er bóta úr ferðatryggingu hans. V hafnar bótaskyldu og bendir á að í skýrslu sjúkrahússins komi fram að M hafi verið lagður inn vegna áfengisneyslu. Lögmaður hans segir að það hafi ekki verið afgerandi þáttur í veikindum M. auk þess sem M hafi staðfastlega neitað því að hafa verið undir áhrifum áfengis. V hafnar bótaskyldu og bendir á að innlögn M hafi verið vegna áfengisneyslu og með vísan til skilmála þeir sem giltu um vátryggingu M. grein 11.21 þá komi fram að félagið greiði ekki bætur vegna sjúkdóms sem stafar af neyslu áfengis.

Álit.

Fram kemur í gögnum frá sjúkrastofnun þeirri sem M var lagður inn á að innlögnin hafi stafað af mikilli áfengisneyslu auk fleiri atriða í því sambandi sem lýst er. Fyrir liggur miðað við gögn málsins að ákvæði greinar 11.21 í vátryggingarskilmálum fyrir tryggingu M koma í veg fyrir að hann eigi rétt til bóta úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 20.3. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.